

SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR



REGLUR UM VAL OG ÚTNEFNINGU HEIÐURSBORGARA SVEITARFÉLAGSINS STYKKISHÓLMS

1. Bæjarstjórn Stykkishólms getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Stykkishólms.
2. Við val á heiðursborgara skal hafa í huga m.a.
 - a) Störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið.
 - b) Störf og framganga hafi verið til fyrirmynadar og til eftirbreytni.
 - c) Jákvæða ímynd bæði innan Stykkishólms sem utan.
3. Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.
4. Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.
5. Heiðursborgari skal heiðraður við hátiðlega athöfn, s.s. við opinbera hátið eða stórafmæli viðkomandi.
6. Heiðursborgari fær skrautritað innrammað skjal undirritað af öllum bæjarfulltrúum til staðfestingar. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar, undirritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
7. Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart sveitarféluginu sem slíkur.
8. Sveitarfélagið hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:
 - a) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum sveitarfélagsins.
 - b) Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlyðileg tækifæri.
 - c) Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara, þegar þar að kemur, að beiðni og í samráði við aðstandendur.
 - d) Eftirfarandi meginreglur verða hafðar til hliðsjónar vegna útfarar heiðursborgara
 - i) Vegna útfarar heiðursborgara sveitarfélagsins sem fellur frá skal senda blómakrans frá bæjarstjórn með áletruðum borða sem tjáí þakklæti fyrir framlag heiðursborgarans til samfélagsins í Stykkishólmi.
 - ii) Bæjarfulltrúar sem eiga þess kost skulu mæta að útför heiðursborgara. Skulu þeir mæta saman til athafnarinnar ef aðstæður leyfa og leggja þannig áherslu á að um útför heiðursborgara er að ræða.
 - iii) Við útför heiðursborgara skal í samráði við sóknarprest setja upp fána sveitarfélagsins sveitarfélagsins og leggja þannig áherslu á þá virðingu sem heiðursborgaranafnbótinni fylgir.
9. Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverju sátu þá í bæjarstjórn/sveitarstjórn og hvað la til grundvallar heiðrun.

Samþykkt í bæjarstjórn 26. september 2024

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri